

Fréttabréf



Landssamband veiðifélaga.

Fréttabréf nr. 137 18. maí 2018

Aðalfundur LV 2018

Í síðasta fréttabréfi var greint frá því að aðalfundur Landssambands veiðifélaga verður haldinn að **Hótel Miklagarði (Arctic Hotels), Fjölbrotaskólanum á Sauðárkróki, dagana 8. – 9. júní nk.**

Gert er ráð fyrir að fulltrúar og gestir verði komnir á fundarstað **kl. 11:30** föstudaginn 8. júní og snæði þar saman hádegisverð.

Aðalfundurinn hefst síðan **kl. 12:30**.

Síðdegis bjóða heimamenn til skoðunarferðar um næsta nágrenni.

Um kl. 19:30 verður sameiginlegur kvöldverður og að honum loknum verður kvöldvaka í umsjón heimamanna.

Kl. 8:30 á laugardagsmorgni halda aðalfundarstörf áfram og er reiknað með að þeim ljúki eigi síðar en kl. 14:00. Matarhlé verður kl. 12:00 – 13:00 á laugardag.

Gistingin, hádegisverður á föstudag, hátíðarkvöldverður á föstudagskvöldi, morgunverður og hádegismatur á laugardegi, auk kostnaðar vegna fundaraðstöðu, kostar samtals kr. 29.000 á mann. Þrátt fyrir ákvæðið um að hvert aðildarfélag beri kostnað af fundarsetu fulltrúa sinna, þá hefur að venju verið ákveðið að hver fulltrúi greiði fast gjald vegna aðalfundarins eða kr. 22.000. Kostnað umfram það greiðir LV.

Gestir greiða fullt gjald.

Fundargestir þurfa að panta gistingu með tölvupósti hjá; info@arctichotels.is Frekari upplýsingar eru gefnar í síma; 453 6330 eða 696 5561 á skrifstofutíma. Tilgreina þarf um fjölda fulltrúa sem pantað er fyrir og að um aðalfund LV sé að ræða.

Panta þarf gistingu **fyrir 1. júní**. Gist verður í tveggja manna herbergjum með sturtu og WC. Einstaklingar deila herbergi með öðrum. Ef óskað er eftir eins manns herbergi þá fylgir því aukakostnaður.

Stjórn LV býður aðalfundarfulltrúa og gesti velkomna til fundarins.

Kosning í stjórn LV

Samkvæmt samþykktum LV er komið að kjöri til stórnar LV til þriggja ára. Formaður stjórnar, Jón Helgi Björnsson, hefur lokið þriggja ára kjörtíma.

Um kjör fulltrúa á aðalfund LV

Í samþykktum LV segir að hvert aðildarfélag eigi rétt á að senda einn fulltrúa á fundi sambandsins fyrir hverja 40 félagsmenn eða færri og einn fyrir brot af þeirri tölu sem umfram er. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði á fundinum. Hvert aðildarfélag ber sjálft kostnað af fundarsetu fulltrúa sinna.

Aðalfundarfulltrúum skal bent á að framvísa þarf kjörbréfi í upphafi aðalfundar. Til hagræðis fyrir fulltrúa má nálgast staðlað form á heimasíðu LV, www.angling.is

Dagskrá aðalfundar

Föstudagur 8. júní 2018, kl. 12:30.

1. Fundarsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Kosning kjörbréfanefndar (3).
4. Ávörp gesta.
5. Skýrsla formanns, Jón Helgi Björnsson.
6. Reikningar LV 2017. Stefán Már Gunnlaugsson, gjaldkeri LV.
7. Kjörbréfanefnd lýsir kjöri fulltrúa.
8. Umræður um skýrslu formanns og afgreiðsla reikninga.
9. Erindi: Efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiða á Íslandi.
Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.
Oddgeir Ottesen, hagfræðingur HHÍ – kynnur.
10. Erindi: Verður auglýst í dagskrá fundarins.
11. Skipun starfsnefnda aðalfundar
12. Kynnt drög að ályktunum og þeim vísað til nefnda.
13. Fundi frestað, nefndarstörf.

Fræðslu- og skemmtiferð í umsjón heimamanna.

Kl. 19:30 Kvöldverður og dagskrá í umsjón heimamanna:

Laugardagur 9. júní 2018, kl. 8:30.

14. Nefndir skila álitum. Umræður.
15. Ályktanir afgreiddar.
16. Stjórnarkjör: Kjör formanns LV.
17. Kosning skoðunarmanns reikninga.
18. Önnur mál.
19. Fundarslit.

Lax- og silungsveiðin 2017

Hafrannsóknastofnun hefur nú tekið saman veiðitölur úr ám og vötnum. Hér eru birtar **bráðabirgðatölur** frá stofnuninni um veiðina 2017, með góðfúslegu leyfi Guðna Guðbergssonar á Hafrannsóknastofnun.

„**Stangveiði á laxi**. Samkvæmt þeim tölum sem nú liggja fyrir veiddust um 53.500 laxar á stöng sumarið 2017 en af þeim var um 21.700 (40,5%) sleppt aftur (veiða og sleppa) og var heildarfjöldi landaðra laxa (afli) því um 31.800 laxar. Stangveiði á laxi var 2017 nærri því sú sama og árið 2016 þegar 53.329 laxar veiddust.

Alls veiddust 39.821 villtir laxar en af þeim var 19.554 sleppt aftur (52,9%). Hlutfall villtra smálaxa sem var sleppt var um 42,3% en 66% af stórlöxum. Að meðaltali veiðast um 30% þeirra laxa aftur sem sleppt er í stangveiði og eru þeir því skráðir oftast en einu sinni í veiðibækur. Veiðitölur verða því hærri en ef engum löxum hefði verið sleppt. Slíkt gerir samanburð veiðitalna við fyrri ár, þegar nær öllum fiskum var landað, erfðari þótt hægt sé að áætla hver aflinn hefði orðið án sleppinga. Talningar göngufiska með fiskteljurum eru því afar mikilvægar bæði til að meta tengsl göngu og veiði og einnig til að meta stærð hrygningarstofna.

Laxveiði úr hafbeitarám þar sem veiðin byggist á endurheimtum slepptra gönguseiða var um 13.700 laxar sumarið 2017. Stærstur hluti þessarar veiði var í Rangánum. Þessi veiði er umtalsverð viðbót við veiði villtra laxa og hækkar tölur um stangveidda laxa á árinu 2017 um 25,7%. Mest var veiði úr sleppingum gönguseiða í Ytri-Rangá og Hólsá Vesturbakka alls 7.480.

Af veiðihæstu ám voru var hæsta veiðin í Ytri-Rangá 7.480 laxar, næst mest í Miðfjarðará 3.765, í Eystri-Rangá 3.254, í Þverá og Kjarrá 2.055, í Norðurá 1.721 og í Langá 1.698 laxar.

Netaveiði á laxi. Alls veiddust um 6.100 laxar í net sumarið 2017. Flestir netveiddir laxar veiddust í Þjórsá en nákvæmar tölur liggja ekki fyrir. Netaveiðin var um helmingur af meðalnetaveiðinni árin 1974-2016.

Veiði á hnúðlaxi. Sumarið 2017 veiddust óvenju margir hnúðlaxar í íslenskum ám. Hnúðlax er af tegund kyrrahafslaxa sem fluttir voru til Kolaskaga í Rússlandi á árunum um 1960 þar sem þeim var sleppt til hafbeitar. Alls hafa verið skráðir 66 veiddir hnúðlaxar hér á landi sumarið 2017 og komu þeir fram í ám í öllum landshlutum. Á Kolastaga í Rússlandi og í Norður-Noregi eru nú komnir hrygnandi stofnar hnúðlaxa sem einkum er að finna á neðri svæðum áa. Vart var við hrygningu hnúðlaxa í ám hér á landi síðasta sumar en hrygningartími hnúðlaxa er frá síðari hluta júlí til september. Ekki er vitað hvort þessi tegund komi til með að nema hér land né hvaða áhrif hún kann að hafa. Mikilvægt er að fylgjast vel með því en meira er jafnan af hnúðlaxi þegar ártalið stendur á oddatölu en jafnri tölu.

Ástand og horfur. Á síðustu árum hafa komið fram miklar sveiflur í laxveiði hér á landi. Í þeim árum sem fiskgengd hefur verið minnst hafa seiðaárgangar verið litlir í kjölfarið. Til viðbótar þá fór meðalvatnshiti sumarmánaðanna júní til ágúst lækkandi frá 2003 til 2015 en tvö síðustu sumur hafa þó verið hlýrri. Lækkandi vatnshiti kom fram í minni seiðavexti og hækkandi gönguseiðaaldri. Við það lengist dvalartími seiða í ánum og þar með kynslóðatími laxa.

Vorið 2002 tóku Veiðimálastofnun, Landssamband veiðifélaga og Landsamband stangveiðifélaga höndum saman og hvöttu til þess að stórlaxi (laxi með tveggja ára sjávardvöl) yrði sleppt í stangveiði. Mörg veiðifélög hafa síðan sett þær takmarkanir í veiðireglur að sleppa beri laxi yfir 70 cm. Þessar aðgerðir komu í kjölfar þess að stórlaxi hafði fækkað snær samfelld frá því um 1980 en fyrir þann tíma hafði svipaður fjöldi smá- og stórlaxa veiðist í íslenskum ám. Nýlegar rannsóknir á erfðafræði laxa hafa sýnt að það hvort laxar koma eftir eitt ár í sjó eða tvö erfist á einu geni en tjáning þess er öðruvísi hjá hrygnum en hængum. Þannig koma hrygnur sem hafa arfhreint stórlaxagen eftir tvö ár í sjó og arfblendnar hrygnur einnig. Aftur á móti er tjáning gensins í hængum þannig að einungis laxar með arfhreins stórlaxagen koma eftir tvö ár í sjó en arfblendnir eftir eitt ár í sjó. Á síðustu árum hefur yfir 70% stórlaxa og yfir 40% smálaxa verði sleppt úr stangveiði þegar litið er til landsins í heild en þetta hlutfall er hærri í mörgum ám. Oft hefur frumkvæði til sleppinga komið frekar frá leigutökum og veiðimönnum en veiðiréttareigendum sem er umhugsunarefni þar sem veiðiréttarhafar (veiðifélög) bera lagalega ábyrgð á því að veiðinýting sé sjálfbær.

Vísbendingar eru nú um að hlutdeild stórlaxa (tvö ár í sjó) af hverjum gönguseiðaárgang sé að vaxa á ný eftir langvarandi lægð. Mögulega eiga sleppingar á stórlaxi í veiðinni þátt í því sem líklega verður hægt að rannsaka betur í framtíðinni. Fjöldi stórlaxa er mismikill á milli landshluta og á milli ára. Þannig er hlutfall stórlaxa hærrí í ám á Norður- og Austurlandi en á Suður- og Vesturlandi. Sterk tengsl eru á milli veiði á smálaxi (eitt ár í sjó) og stórlaxi árið á eftir. Sleppingar stórlaxa hafa almennt leitt til þess að hrygningarlöxum hefur fjölgað einkum á norðan- og austanverðu landinu og þar með hefur fjöldi þeirra hrognar sem hrygnt er einnig aukist. Í kjölfar þess hefur seiðapéttleiki eftir hverja göngu farið vaxandi.

Vegna þess hve miklar breytingar hafa verið í laxgengd á síðustu árum er erfiðara en oft áður að áætla þann fjölda smálaxa sem koma til með að ganga í árnar sumarið 2018. Vorið og sumarið 2016 sem og 2017 voru fremur hlý bæði í ám og í sjó. Ætla má að veiði á smálaxi verið almennt nokkuð yfir meðallagi en að stórlaxar verði undir meðaltali í kjölfar minni gengdar smálaxa á síðasta sumri.

Veiði á bleikju minnkaði í öllum landshlutum eftir 2000 og eru bleikjustofnar víða orðnir smáir þótt heldur hafi dregið úr fækkuninni síðustu tvö árin. Ekki er með fullu vitað af hverju fækkun bleikju stafar en mögulega vegna áhrifa loftslagsbreytinga sem hér á landi koma fram í mildari vetrum. Á sama tíma og bleikju hefur fækkað hefur útbreiðsla og veiði á sjóbirtingi aukist, einkum á Norður- og Austurlandi. Að hluta til hefur lax og sjóbirtingur verið að yfirtaka búsvæði bleikjunnar. Veiðiréttarhafar þurfa að vera meðvitaðir um ástand fiskstofna og að með minnkandi stofnum minnkar veiðipól þeirra. Þegar svo er ástatt þarf að draga úr veiði svo að stærð hrygningarstofna verði ekki takmarkandi fyrir stofnstærðir.

Skil á veiðiskýrslum og umsjón með veiði. Ekki hafa allir aðilar skilað veiðibókum til skráningar og úrvinnslu, en þær tölur sem fyrir liggja nú koma þó ekki til með að breytast verulega. Þegar lokatölur liggja fyrir verður skýrsla með heildarsamantekt sett á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar www.hafogvatn.is. Þeir veiðiréttarhafar sem enn hafa ekki skilað veiðiskýrslum eru hvattir til að gera það sem allra fyrst en lögum samkvæmt ber þeim að skrá og skila skýrslum um veiði. Þar sem leigutakar hafa umsjón með skilum á veiðiskýrslum þurfa veiðiréttarhafar að sjá til þess að skýrslum hafi verið skilað eins og lög gera ráð fyrir. Góð veiðiskráning hefur lengi verið aðalsmerki veiðinýtingar í ám og vötnum hér á landi, sem og festa umgjörð veiðinýtingar m.a. hvað varðar veiðitíma og fjölda stanga og neta.

Rafræn veiðiskráning. Hér með eru veiðiréttarhafar hvattir til skrá veiði í rafrænan gagnagrunn, en upplýsingar um það má finna á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar www.hafogvatn.is. Nokkrir veiðiréttarhafar nýta sér rafræna skráningu en með því móti eru veiðitölur aðgengilegar veiðimönnum og öðru áhugafólki yfir veiðitímann sem gefur möguleika á að hafa yfirsýn yfir þróun veiðinnar. Unnið er að því að gera viðmót til upplýsingagjafar fyrir veiðitölur aðgengilegri en hingað til hefur verið.

Á næstunni verða veiðibækur fyrir síðasta veiðitímabili endursendar til ábyrgðarmanna veiðiskráningar, ásamt veiðibókum til skráningar veiði fyrir komandi veiðitímabil. Ef þörf er á viðbótarveiðibókum eða að breytingar hafa orðið á umsjón með veiði eru viðkomandi beðnir að koma því á framfæri við Hafrannsóknastofnun.“